Vatnshlot og vegaframkvæmdir
Ágrip

Á síðastliðnum tveimur árum hefur aukin áhersla verið lögð á að meta áhrif framkvæmda og starfsemi á vatn. Í kjölfar útgáfu Umhverfisstofnunar (nú Umhverfis- og orkustofnun) á leiðbeiningum um mat á áhrifum á vatnshlot (des. 2024) fóru leyfisveitendur í auknum mæli að krefjast svokallaðs áhrifamats vatnshlota við leyfisveitingar. Áhrifamatið er liður í að uppfylla markmið laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011, þ.e. að vernda vatn, vistkerfi þess og tryggja sjálfbæra nýtingu þess. Í lögunum er vatnshlot skilgreint sem „*eining vatns, svo sem allt það vatn sem er að finna í stöðuvatni, á eða strandsjó*“ en í grunninn er orðið þýðing á enska orðasambandinu „water body“.

Vatnshlot skiptast í yfirborðsvatnshlot og grunnvatnshlot. Til yfirborðsvatnshlota teljast straumvötn, stöðuvötn, strandsjór og árósavatn. Allt yfirborðs- og grunnvatn á Íslandi hefur verið afmarkað í vatnshlot og umhverfismarkmið skilgreind fyrir hvert þeirra. Framkvæmd sem veldur hnignun vatnshlots eða kemur í veg fyrir að umhverfismarkmið þess náist verður almennt ekki heimiluð nema skilyrði sérstakrar undanþágu séu uppfyllt.

Vegaframkvæmdir eru fjölbreyttar og geta haft áhrif á allar gerðir vatnshlota. Áhrifin eru háð eðli framkvæmdar, umfangi og staðsetningu. Fyrir vegaframkvæmdir er áhrifa helst að vænta á framkvæmdatíma en áhrif geta einnig komið fram á rekstrartíma, bæði ófyrirséð áhrif og fyrirséð ef framkvæmdin er þess eðlis.

Brúargerð og ræsi geta til að mynda valdið tímabundinni gruggmyndun, raski á árbotni og breytingum á straumhraða árvatns, auk þess sem mengunarhætta fylgir notkun þeirra vinnuvéla sem að framkvæmdinni koma. Allt getur þetta haft neikvæð áhrif á lífríki straumvatns.

Hafnargerð getur haft neikvæð áhrif á strandsjávarhlot, svo sem vegna mögulegs búsvæðataps þegar fjara og sjávarbotn eru lögð undir mannvirki og vegna breytinga á straumum og þar með setflutningum innan nærsvæðis hafnarinnar.

Við jarðgangnagerð er síðan þörf á notkun sprengiefnis með tilheyrandi hávaða og titringi sem áhrif geta haft á lífríki í nálægum vatnshlotum.Leifar sprengiefna geta auk þess verið uppspretta köfnunarefnissambanda í frárennsli og þannig aukið næringarefnaálag í vatni.

Umfang og vægi áhrifa er háð gerð og viðkvæmni þess vatnshlots sem um ræðir. Vegna þessa er nauðsynlegt að skoða hverja framkvæmd fyrir sig og leggja til viðeigandi mótvægisaðgerðir til að koma í veg fyrir eða lágmarka áhrif.

Markmið verkefnisins er að greina þau áhrif sem mismunandi vegaframkvæmdir geta haft á vatnshlot, með sérstaka áherslu á þau áhrif sem minni vitund er um, svo koma megi í veg fyrir ófyrirséð neikvæð áhrif.